

Blómin á þakinu



Sjónrænn söguþráður

Upplýsingar um skynsegin sýningu á Blómunum á þakinu

EFNISYFIRLIT

- Myndir af leikhópi í eigin klæðnaði og í búningum
- Almennar upplýsingar um sýninguna
- Yfirlit framvindu
- Tengiliðir



LEIKHÓPUR




**Edda
Arnljótsdóttir**

Gunnjóna



Örn Árnason

Læknir, bóndi, frændi,
bílstjóri, Óskar ofl.



**Dagur Rafn
Atlason**

Stefán



ALMENNAR UPPLÝSINGAR

- **Skynsegin sýningarhald**

Skynsegin sýning á Blómunum á þakinu verður sunnudaginn 12. október kl. 15.00

- **Þetta þýðir að:**

Hurðir inn í áhorfendasal verða opnar alla sýninguna. Áhorfendum er frjálst að fara inn og út eftir þörfum

Þögult rými hefur verið undirbúið í framhúsi á sömu hæð og áhorfendasalurinn

Samþykki og virðing er borin fyrir því að það hentar ekki öllum að sitja kjurr og horfa á sýninguna


Hreyfingar og hljóð eru í góðu lagi á þessari sýningu

Upplýsingar um skynsegin sýningarhald má nálgast á vefnum eða hjá miðasölu

Leikföng fyrir eirðarlausar hendur eru velkomin með í leikhúsið

- **Tími**

Leiksýningin í heild sinni tekur um það bil 45 mín. Það er ekkert hlé



VIÐVARANIR

- **Umfjöllunarefni og/eða notkun tæknibúnaðar**

Engar viðvaranir eru vegna umfjöllunarefnis

Í sýningunni eru notaðar brúður sem eru köttur og hænur

Í einu atriði opnast kómmóða “af sjálfu sér” og þá kemur reykur og hænur birtast í skúffunum. Ljósinn kvikna á sviði um leið og þetta gerist

Blóm vex í blómapotti og með því kemur ljós og hljóð - rólegt og ekki með látum

- **Tónlist og hljóð**

Tónlist úr hátölurum

Náttúruhljóð, fuglasöngur, kúabaul og mjálm

Hljóð eins og þegar vörubíll bakkar, taktfast bíp í nokkrar sekúndur


Umferðarniður, bíllflaut og bíll að bremsa

Rigningarhljóð og hljóð eins og þegar rúðupurrkur fara fram og tilbaka
Þetta hljóð verður hraðar og hraðar þar til það stoppar.

Dyrasímahljóð kemur skyndilega þrisvar sinnum og svo aftur þrisvar sinnum aðeins seinna

Gunnjóna/aðal leikkonan spilar á einum stað á saxófón. Það koma læti og ekki fallegir tónar. Það tekur ca 3 sekúndur. Í framhaldi af því kemur vel spilað lag á saxófóninn. Það tekur ca 30 sekúndur

Í lok eins atriðis sofnar Gunnjóna og fer að dreyma. Þá kemur hljóð eins og sambland af kúabauli og umhverfihljóðum eins og umferðarnið



VIÐVARANIR

- **Ljós**

Ljós úr ljóskösturum

Ljós úr tveimur lömpum í leikmyndinni

Dauft rautt ljós blikkar í örsamma stund sviðs vinstra megin, á að tákna bílljós á bíl sem er að bakka

Ljós dempast snögglega á sviði þegar Gunnjóna og bílstjórinn setjast í bílinn

Ljós sem leikari heldur á og tákna bílljós. Þessi ljós líkjast svolítið augum

Blátt ljós lýsir á fjöll aftast á sviðinu alla sýninguna. Þau slökkna aldrei

Önnur ljós slökkna bara alveg einu sinni í sýningunni. Það gerist þegar Gunnjónu er að dreyma illa og heyrir í dýrunum sínum og varir í um 7 sekúndur



LEIKMYND

- Leikmynd
Svona lítur leikmyndin út



YFIRLIT FRAMVINDU

- Ef þú vilt ekki vita framvindu sögunnar skaltu sleppa því að lesa þetta!

Tekið skal fram að ljós verða í salnum alla sýninguna og því verður ekki almyrkur í salnum þó sviðsljós fari niður.

Í upphafi kemur leikarinn Örn Árnason og bíður okkur velkomin. Hann talar við okkur um við hverju við megum búast í leikhúsinu.

Þegar hann klárar að tala **er klappað og eftir það slökkna ljósin nema blátt ljós aftast á sviðinu.**

Einnig kviknar á tónlist sem er leidd af klariantti en engar trommur.

Ljósin kvikna mjúklega og Örn Árnason kemur inn á sviðið með brúðu sem er hæna. Þá kemur Gunnjóna inn á sviðið.

Hún kveikir á útvarpinu þar sem heyrir morgunleikfimi sem hún tekur þátt í. Hún hlær.

Klarinett tónlistin spilast áfram. Sviðsmaður kemur inn á sviðið með brúðu sem er kisa. Gunnjóna tekur kisuna upp og stýrir brúðunni áfram.

Örn Árnason kemur og nýtir þvottinn til að leika kú. Hann fer.

Gunnjóna dansar við klarinett tónlistina. Hún meiðir sig í bakinu og **hrópar upp yfir sig.** Þá kemur læknirinn inn. Hann fær að hlusta hana og síðan að skoða kokið og **hún gefur frá sér hljóð á meðan.**

Læknirinn fer og Gunnjóna stendur hratt upp og meiðir sig í bakinu. Hún fer inn í húsið sitt. **Ljósin dofna aðeins.**

Bóndinn kemur inn og **ljósin hækka aftur.**



Gunnjóna kemur út úr húsinu sínu með tvær ferðatöskur.

Hún segist ætla að láta frænda sinn hafa peninginn til þess að kaupa hús í Reykjavík. Hún snýr sér aftur að bóndanum. **Ljósín breytast hratt í blátt** og bóndinn breytist í frændann. Þau tala saman.

Ljósín breytast aftur hratt í hvít og frændinn breytist aftur í bóndann.

Bóndinn fer að smala dýrunum. **Hróp og köll.**

Gunnjóna **kallar** kveðjur til dýranna sinna.

Ljósín dofna og það **heyrist í flutningabíl** bakka að húsinu. **Ljós blikka** eins og bakkljós af hliðarsviði. **Ljósíð sem blikkar er rauðleitt og blikkar í um mínútu í hægum takti.**

Bóndinn heyrist kalla utan sviðs og Gunnjóna **kallar til baka** til hans. **Hróp og köll.**

Gunnjónu bregður þegar þeir ætla að bakka yfir grasið hennar. **Hún hrópar upp yfir sig.**

Bóndinn kemur inn og stoppar bílinn. **Ljósín hætta að blikka.**

Bóndinn byrjar að taka gróður og fleira utan af húsi Gunnjónu. Sviðsmaður kemur inn á og hjálpar til við flutningana. Gunnjóna er búin að pakka öllu smáu saman á stól á miðju sviðinu. Sviðsmaður tekur grindverk og kassa og fer út.

Bóndinn og Gunnjóna setjast niður á stóla á miðju sviðinu. **Ljós kvikna á tveimur blómapottum og um leið slökkna flest ljós í loftinu nema bláu ljósín aftast og spottljós á þeim tveimur.**

Hann kveikir á bílnum og **það heyrist bílahljóð.**

Strengjatónlist spilast. Þau keyra og spjalla saman.



YFIRLIT FRAMVINDU

Það heyrir lág þruma og það byrjar að rigna.

Bóndinn setur rúðurpurkurnar í gang og **hljóð heyrir af rúðurpurkum skella á rúðunni.**

Hún segir „Það er gott að hafa einhvern að tala við.“ **Þá heyrir flaut og bóndinn flautar á móti.**

Umferðarhljóð og bremsuskrens. Vægur hasar.

Þau stöðva bílinn. Bóndinn slekkur á bílnum og **hljóð slökknar.**

Borgarkliður heyrir í bakgrunni.

Hann stígur út úr bílnum. Hún situr ein í bílnum.

Bóndinn gengur inn í íbúðina fyrir aftan hana. **Ljósir kvikna yfir allt sviðið.**

Þau kveðjast og hann fer.

Hún segir að sér finnist rýmið **tómlegt.** Beint eftir það **heyrir hátt í dyrasíma hringja.** Henni bregður.

Hljóðið heyrir aftur og henni bregður aftur.



Hljóðið heyrir í þriðja sinn og hún hrópar upp yfir sig.

Þá kemur barn í smekkbuxum inn og heilsar. Þau spjalla saman og Gunnjóna setur köttinn sinn niður við gluggann. **Sviðsmaður birtist bakvið gluggann** og tekur við stjórn á brúðunni.

Kötturinn stekkur út um gluggann og **Gunnjóna æpir upp yfir sig óvænt.**

Þau spjalla meira saman. Barnið fer upp á stól og þau leika sér að því að

beygja sig og sjá sveit, rétta úr sér og sjá borg. Í miðjum leik hjá þeim **hringir dyrasíminn aftur** og Gunnjónu bregður aftur og **hrópar upp yfir sig**.

Barnið segir henni að manneskjan sé niðri. **Þá hringir dyrasíminn aftur og Gunnjónu bregður aftur.**

Barnið kennir henni að nota dyrasímann. **Hún ýtir á takkann og þá heyrir hátt hljóð.**



Gunnjóna fær sér sæti. Hún biður barnið að hjálpa sér að taka upp úr töskum. **Gítartónlist byrjar að spilast.**

Þau taka upp úr töskunum og raða hlutunum um rýmið og spjalla. Það er bankað og pabbi barnsins kemur inn. **Tónlist stöðvast.**

Þau ræða saman. Barnið og pabbi fara.

Gunnjóna tekur upp úr kössum og **gítartónlist spilast aftur.**

Barnið kemur aftur inn og **tónlist stöðvast.** Þau spjalla saman.

Barnið fer. **Tónlist spilast að nýju.**

Gunnjóna heldur áfram að raða. **Ljós dofna.**

Það er dinglað á dyrabjöllu. Ljós aukast aftur og pabbi barnsins kemur inn. Barnið kemur inn líka. Pabbi og barnið fara og loka.

Gunnjóna gengur frá. Barnið kemur aftur inn.

Tónlist byrjar að spilast og þau dansa um með blóm og raða.

Pabbi **kallar** í barnið. **Tónlist slökkur** og barnið fer.

Gunnjóna raðar áfram. Kötturinn hoppar inn um gluggann með **sviðsmann aftan**

YFIRLIT FRAMVINDU



við húsið að stýra brúðunni. **Tónist byrjar aftur.**

Gunnjóna fer út um hurðina með kassana og kemur inn með blómapott.

Gunnjóna fær sér sæti og vökvar blómið. Hún sest á annan stól og opnar bók. **Ljósín dofna.** Það er komið kvöld.

Það heyrir í vindhörpu og ljósín aukast að nýju.

Barnið kemur inn með húfu og spyr hvort Gunnjóna vilji koma í sund. Þau fara út um hurðina. **Ljósín dofna og verða blá.**

Kötturinn hoppar inn um gluggann með **sviðsmann á bakvið** að stýra brúðunni. **Tónlist spilar og hljóð í vindhörpu heyrir aftur.** Kötturinn mjálmur.

Gunnjóna og barnið koma aftur. **Ljós verða aftur hvít.** Barnið kveður og fer.

Gunnjóna sest á stól, vökvar blóm og fer að lesa blaðið. **Hljóð í vindhörpu heyrir aftur.**

Tónlist stöðvast. Gunnjóna **kallar** á barnið.

Barnið kemur inn. Þau spjalla. Allt í einu **heyrir í útvarpinu** og morgunleikfimin hefst. **Ljósín dofna aðeins.**

Þau gera morgunleikfimina saman og **ljós blikka dauflega og hægt.**

Þegar leikfimi er lokið **dofna ljós og verða blárri.** Þau fara í feluleik. **Tónlist spilar áfram.**

Örn Árnason kemur inn til að stýra kattarbrúðunni. Þegar barnið finnur Gunnjónu **hækka ljósín aftur og verða hvít.**

Barnið finnur saxófón. Gunnjóna tekur við hljóðfærinu og blæs fast í það. **Hátt**

hljóð úr saxófón heyrir og barninu og kettinum bregður.

Barnið segir að hún þurfi kannski æfa sig. Hún segir já og blæs aftur í hljóðfærið en nú **heyrir glæsilegt lag**. Hraður jass.

Gunnjóna **spilar fallega áfram** og barnið og kötturinn dansa með.

Barnið og Örn ganga útaf sviðinu. **Saxófónn hættir en róleg tónlist heldur áfram.**

Gunnjóna gengur frá hljóðfærinu. **Ljós dofna**. Gunnjóna nær sér í teppi og leggur sig í stólnum.

Barnið gengur inn. **Ljósin aukast aftur**. Barnið biður hana að leika við sig. Þau spjalla. Barnið fer.

Gunnjóna fer að leggja sig og **ljósin dofna og verða blá**.

Dýrahljóð heyrast og smá drungaleg tónlist. Gunnjóna talar upp úr svefni. Hana er að dreyma illa.

Ljósin dofna og slökkna, nema blátt ljós aftast á sviðinu.

Ljósin koma upp aftur en eru blá. Það er bankað. Gunnjóna er horfin.

Barnið gengur inn um dyrnar. Barnið leitar að henni og **kallar** eftir henni.

Barnið gengur að glugganum. **Allt í einu hoppar hæna uppúr kommóðuskúffu. Barninu bregður og ljósin verða hvít og skær.**

Gunnjóna birtist aftan við gluggann. Gunnjóna er búin að sækja dýrin sín. Barnið og Gunnjóna spjalla.

Síðan hefst sviðsskipting. **Ljósin lækka og verða blá, mjúkleg tónlist spilast** og þau snúa sviðsmyndinni við.

Örn Árnason kemur fremst á sviðið með hænubróðu og syngur sem hænan við **mjúklegu tónlistina** á meðan sviðsmynd er snúið. **Hvít ljós skýna á hænuna. Önnur lýsing er blá.**

YFIRLIT FRAMVINDU



Barnið **kallar** á Gunnjónu. **Hvít ljós flæða yfir allt sviðið** og Gunnjóna er út á svölum að dansa og hænán syngur.

Barnið kemur til þeirra. **Tónlist spilast áfram** og hænán syngur.

Gunnjóna og barnið fara útaf sviðinu og koma til baka með stóran kassa með matjurtum. **Tónlist stöðvast**. Gunnjóna og barnið brasa á svölunum og spjalla.

Barnið tekur upp fötu og lyktar og finnst það ógeðslegt. Gunnjóna segir barninu að þetta sé **hænuskítur** til að nota sem áburð á plönturnar. **Barnið hrópar upp yfir sig**.

Hænán fer út. Gunnjóna stingur upp á að þau geri pönnsur. Þau fara útaf. **Það kemur þrumuhljóð**.

Lýsing breyist í blátt og og Gunnjóna kemur inná með regnhlíf. **Tónlist fer aftur af stað**.

Kötturinn birtist í glugganum. **Dyrabjalla hringir**. Gunnjóna fer inn að svara. Barnið birtist í glugganum.

Gunnjóna kemur aftur inná sviðið og **ljósin verða hvít á ný**. Barnið fylgir henni á eftir.

Þau brasa í matjurunum. **Tónlist stöðvast**.

Gunnjóna fær sér sæti. Þau spjalla. Barnið fær sér sæti. **Dyrabjallan hringir**.

Pabbi barnsins birtist í glugganum og biður barnið að koma heim. Barnið fær að vera aðeins lengur. Pabbinn fer.

Gunnjóna stingur upp á því að þau fái sér köku. **Tónlist hefst**. Hún sækir köku inn um gluggann. **Við heyrum hænur gagga. Tónlist hverfur**.

Við heyrum í ýmsum fuglum.

Þau spjalla saman. Gunnjóna fer útaf til að setja gras á þakið. Barnið er eftir á sviðinu og þau **kalla til hvers annars**.

Gras rúllar óvænt yfir allt þakið og Gunnjóna birtist aftan við húsin af þakinu.
Ljósín dofna.

Örn kemur inn með hænubróðuna.
Tónlist hefst og hænán syngur meira fyrir okkur.

Ljósín fara alveg út og það er klappað.

Ljós koma aftur upp og leikarar hneigja sig.

Örn Árnason bíður börnunum að koma og taka myndir með þeim fyrir þá sem vilja.

Ljós koma upp í sal.



TENGILIÐUR

Frekari upplýsingar um afslappað sýningarhald veitir:

Vala Fannell

vala.fannell@leikhusid.is



Allar fyrirspurnir og ábendingar eru kærkomnar til að bæta upplifun skynsegin einstaklinga af leikhúsinu.